

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

| | |
|--|--|
| Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir | Fundur nr. 13/2018 |
| Fundarritari: Kristinn Ólafsson | |
| Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Anna G Sverrisdóttir (AGS) formaður fjármálaráðs Berglind Lilja Björnsdóttir (BLB) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskrárráðs Liljar Már Þorbjörnsson (LMP) formaður alþjóðaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍŚ | Fundarstaður: Hraunbær 123 Dags: 14. ágúst 2018 Frá kl. 20:00 Til kl. 22:30 |
| Fjarverandi: Jón Egill Hafsteinsson (JEH) formaður upplýsingaráðs Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍŚ | |

Dagskrá:

| Tími - mín: | Nr. | Fundarefni | Ábyrgð |
|-------------|-----|--|--------|
| 1 | 1 | Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. | MM |
| 1 | 2 | Fundargerð síðasta fundar Samþykkt. | MM |
| 10 | 3 | Símtöl við félagsfóringja 1. Ákveðið að fresta þessum lið þar sem fólk er enn í sumarfrí. Nýr erindreki mun taka símtöl við félagsfóringja þegar hann kemur til starfa í næstu viku. Mikilvægt að móta lista yfir það efni sem á að ræða í þessum símtölum. MM heldur utan um listann og kemur til starfsmanns. Formenn ráða munu einnig koma sínum áherslupunktum á framfæri. | MM |
| 15 | 4 | Viðburðir 1. Gleðigangan á Menningarnótt Reykjavíkurborgar Stjórn þakkar þeim sem komu að skipulagningu og þátttöku. Kalla þarf eftir endurmati á þriggja ára vinnuhóp sem lýkur nú störfum og taka þarf ákvörðun um framhaldið. | MM |
| 10 | 5 | Kynningarmánuður Ekki reyndist unnt að ræða kynningarmánuðinn til hlýtar þar sem JEH var fjarverandi. Mikilvægt að kortleggja mánuðinn eins og kostur er. Fyrir liggur listi yfir viðburði sem þarf að fylgja betur eftir og uppfæra. | JEH |

| | | | |
|----|---|---|-----------------------------------|
| 10 | 6 | <p>Ný heimasíða</p> <p>Ekkert hefur gerst varðandi nýja heimasíðu í sumar. Enn á eftir að skilgreina hvaða „módúlar“ eiga að vera á síðunni. Halda þarf áfram skoðun á þeirri þjónustu sem er boðið upp á í Noregi. Skoða þarf notendaviðmót o.fl. sem tengist rekstri. Boða þarf til fundar með þeim sem hafa komið að þessari skoðun. Stungið upp á að það verði búinn til framkvæmdahópur sem heldur utan um verkefnið. KÓ boðar Óskar Eiríksson, Þórhall Helgason, Tryggva Bragason og Jón Egil Hafsteinsson á fund um málið sem fyrst. Mikilvægt að þetta mál stoppi ekki þar sem heimasíðumálin eru ekki ásætlanleg í dag.</p> | KÓ |
| 20 | 7 | <p>Stjórnarfundir og dagsetningar</p> <p>Ákveðið var að hittast 1. þriðjudag í hverjum mánuði á lengri stjórnarfundum frá kl. 18 – 22. Einnig verður netfundur 3. þriðjudag hvers mánaðar þar sem má afgreiða hluti og kynna. Netfundirnir verða 1-1 ½ klst og hefjast kl. 20:00. Fyrsti netfundur verður 21. ágúst en næsti stjórnarfundur 4. september.</p> <p>Fundarhelgi á Úlfjótsvatni er ákveðin 12.-14. október.</p> <p>Föstudagur: Stjórn BÍS fundar með framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra.</p> <p>Laugardagur: Stjórn BÍS og ráð funda</p> <p>Sunnudagur: Stjórn BÍS og stjórn og staðarhaldari ÚSÚ funda um framtíð ÚSÚ. MM, HÓV, LMP og BLB undirbúa helgina.</p> | MM MM, HÓV, BLB, LMP |
| 10 | 8 | <p>Starfsmannamál</p> <p>Gengið hefur verið frá ráðningu tveggja erindreka og hefja þeir störf í kringum mánaðamótin ágúst/september. Mikilvægt að upplýsa erindrekana um stóru mynd stjórnarinnar og gefa þeim tækifæri á að koma með sína nálgun á verkefnið.</p> | KÓ |
| 20 | 9 | <p>Önnur mál</p> <p>1. des gangan</p> <p>KÓ kynnti hugmyndir að verkefninu og var vel tekið í þær. Mikilvægt að draga áhugasama að verkefninu. KÓ mun hafa samband við nokkra aðila og bjóða þeim að koma að verkefninu.</p> <p>Framboð til stjórnar WAGGGS Evrópu</p> <p>Rætt um mögulega kandidata til stjórnar WAGGGS í Evrópu. Stjórnarmenn hvattir til að skoða þetta mál frekar.</p> | KÓ |
| | | Fundi slitið kl 22:00 | |